



Tegund eignar : Sérhæð

Bæjarfélag / Hverfi : Ciudad Quesada

!zona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2026

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkastæði

Fermetra stærð eignar :

78,87 m²

Stærð verandar :

37,87 m²

Flugvöllur :

36

Strönd :

15

Borg :

3

Golf :

6

- ✓ Geymsla
- ✓ Heimilistæki

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Húsgögn fylgja með

- ✓ Verönd
- ✓ Loftkæling

Sérhæðin sem um ræðir er á jarðhæð með 2 svefnherbergjum og 2 fullinnréttuðum baðherbergjum með hita í gólfi. Rúmgott og bjart opið rými með fullinnréttuðu eldhúsi með gæða heimilistækjum, borðstofu og stofu sem gengið er út á flotta verönd með æðislegu útsýni yfir sameiginlegan garð með sundlaug og grænu svæði til að sóla sig á.

Ciudad Quesada er afar skemmtilegur og líflegur bær á Costa Blanca ströndinni sem hefur upp á allt að bjóða allan ársins hring, mikið úrval veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir allan aldurshóp s.s GoKart, vatnsleikjagarð, mini golf, keiluhöll og fleira og fleira, svo er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 holu golfvöll með allt til alls fyrir golfspilarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torre Vieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífínu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torre Vieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 35 mínútur frá flugvelli í Alicante. Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!